



VIÐSKIPTAFRÆÐI

HÁSKÓLANAM MEÐ VINNU
BSc-NÁM OG DIPLÓMANÁM



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

KÆRI VIÐTAKANDI



Atvinnulífið er sífellt að færa okkur nýjar áskoranir og krefjandi verkefni. Því er þörfin á endurnýjun þekkingar skýr. Eitt af markmiðum Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu sem stuðlar að fjárfestingu í mannauði, aukinni framleiðni og bættum lífskjörum í samfélaginu.

Háskólanám með vinnu (HMV) í viðskiptafræði HR er góður valkostur fyrir einstaklinga sem hafa reynslu úr atvinnulífinu og vilja stunda fullgilt nám í háskóla samhliða vinnu. HR leggur áherslu á að greina þarfir atvinnulífsins með það að leiðarljósi að kennslan svari þörfum samfélagsins um hæfni og þekkingu. Nemendur öðlast þannig hæfni og þekkingu til að svara kalli samfélagsins um stöðuga þróun, framfarir og nýsköpun.

Öflugir kennarar HR eiga náið samstarf við atvinnulífið og stunda rannsóknir sem gera HR að viðurkenndum alþjóðlegum rannsóknarháskóla. Nemendur taka að jafnaði 18 ECTS einingar á önn og eru þrjár annir á ári: Haustönn (ágúst - desember), vorönn (janúar - apríl) og sumarönn (maí, júní og ágúst, sumarfrí í júlí). Með þessu móti er mögulegt að ljúka BSc-prófi í viðskiptafræði á þremur og hálfu ári og diplómaprófi á tæpum tveimur árum. Sömu kröfur eru gerðar til nemenda í háskólanámi með vinnu og nemenda í dagskóla í viðskiptafræði og þreyta nemendur sambærileg eða sömu próf. Námið er í stöðugri þróun með það að leiðarljósi að hámarka samkeppnishæfni nemenda bæði á vinnumarkaði sem og ef stefnan er tekin á framhaldsnám. Við HR fá nemendur tækifæri til að mynda sterkt tengslanet við samnemendur og kennara.

*Við hlökkum til að vinna með þér,
Hrefna Sigríður Briem, forstöðumaður BSc-náms í viðskiptafræði HR.*

HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU

VIÐSKIPTAÐEILD HR

UNNT ER AÐ VELJA Á MILLI FJÖGURRA LEIÐA Í HMV:

- BSc í viðskiptafræði – 180 ECTS einingar
- Diplóma með áherslu á fjármál og rekstur – 90 ECTS einingar
- Diplóma með áherslu á stjórnun – 90 ECTS einingar
- Diplóma með áherslu á markaðsfræði – 90 ECTS einingar

Að jafnaði er kennt þrjá daga í viku, kl. 16:35–19:00. Ef dæmatímar eru í námskeiðinu er kennt til kl. 20:35 eða á laugardögum.

HÆFILEGUR FJÖLDI NEMENDA

- Í dæmatímum er nemendum skipt í smærri hópa.
- Í valnámskeiðum eru ekki fleiri en 50 nemendur.



BSc-NÁM

Í VIÐSKIPTAFRÆÐI HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU

1. ÁR	Haustönn	Vorönn	Sumarönn
	Hagnýt stærðfræði I Fjárhagsbókhald Markaðsfræði	Þjóðhagfræði Hagnýt tölfraði I Stjórnun	Viðskiptalögfræði Aðferðafræði Rekstrargreining
2. ÁR	Haustönn	Vorönn	Sumarönn
	Fjármál I Rekstrarhagfræði I Mannauðsstjórnun	Fjármál II Neytendahegðun og markaðssamskipti Rekstrarhagfræði II	Nýsköpun og stofnun fyrirtækja Hagnýt upplýsingakerfi Alþjóðaviðskipti
3. ÁR	Haustönn	Vorönn	Sumarönn
	Gerð og greining ársreikninga Hagnýt tölfraði II Markaðs- og viðskiptarannsóknir	Rekstrarstjórnun Valnámskeið I Valnámskeið II	Viðskiptasiðfræði BSc-verkefni
4. ÁR	Haustönn		
	Stefnumótun Valnámskeið III Valnámskeið IV		

DIPLÓMA

FJÁRMÁL OG REKSTUR



1. ÁR	Haustönn	Vorönn	Sumarönn
	Hagnýt stærðfræði I Fjárhagsbókhald Markaðsfræði	Þjóðhagfræði Hagnýt tölfræði I Stjórnun	Viðskiptalögfræði Hagnýt upplýsingakerfi Rekstrargreining
2. ÁR	Haustönn	Vorönn	
	Fjármál I Rekstrarhagfræði I Gerð og greining ársreikninga	Rekstrarstjórnun Alþjóðafjármál* Fjármál II *	

* Eða annað valnámskeið með áherslu á fjármál og hagfræði.



„Ég ákvað að fara í BSc-nám í háskólanámi með vinnu haustið 2008. Við samanburð á HR og öðrum háskólum varð HR ofan á þar sem mér fannst stærð skólans kostur, tengingin við atvinnulífið mikilvæg. Nemendur eru hvattir til þátttöku í tímum með fyrirspurnum og til að deila reynslu sinni af málefnum tengdu námsefninu. Ekki fannst mér verra að HVM námið tók lítillega lengri tíma en dagskólanám. Námið í HR hefur svo sannarlega staðið undir væntingum og í raun meira en það. Hópvinnan hefur gefið góða æfingu í að vinna með fólki og verkefnakynningar í bekkjunum hafa hjálpað til við að vinna bug á þeirri fælni að tjá sig fyrir framan hóp af fólki. Starfsfólk skólans er einstaklega gott og alltaf tilbúið til aðstoðar og veita ráðleggingar við framvindu námsins og kennarar eru alltaf til staðar þegar til þeirra er leitað. Ég mæli eindregið með námi í HR.“

Schumann Didriksen

Bsc í viðskiptafræði

Nemandi í meistaranámi í fjármálum fyrirtækja í HR

DIPLÓMA STJÓRNUN



1. ÁR

Haustönn

Mannauðsstjórnun
Fjárhagsbókhald
Markaðsfræði

Vorönn

Stjórnun
Hagnýt tölfraði I
Neytendahegðun
og markaðssamskipti

Sumarönn

Viðskiptalögfræði
Hagnýt upplýsingakerfi
Rekstrargreining

2. ÁR

Haustönn

Stefnumótun
Leiðtogafræði*
Þjónustustjórnun*

Vorönn

Rekstrarstjórnun
Samningatækni*
Hagnýt vinnusálfræði*

* Eða annað valnámskeið með áherslu á stjórnun.



„Ég er afar ánægð með þá ákvörðun mína að hafa skráð mig í HMV í viðskiptafræði haustið 2005 við Háskólann í Reykjavík. Reynsla mín af náminu er mjög góð og get ég óhikað mælt með náminu við þá sem til mín leita. Innan viðskiptadeildarinnar starfar öflugt og metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram um að nálgast nemendur af virðingu og fagmennsku og tengja kennsluna við atvinnulífið, sem er mikill kostur. Námið, sem er fjölbreytt og krefjandi, hefur aukið viðsýni mína og þekkingu og styrkir mig svo sannarlega faglega í þeim verkefnum sem ég tekst á við í starfi mínu.“

Svanhildur Pengilsdóttir

*Yfirmaður þjónustudeildar aldraðra hjá Kópavogsbæ
Hjúkrunarfræðingur, BSc í viðskiptafræði*

DIPLÓMA

MARKAÐSFRÆÐI



1. ÁR

Haustönn

Markaðsfræði
Fjárhagsbókhald
Mannauðsstjórnun

Vorönn

Stjórnun
Hagnýt tölfraedi I
Neytendahegðun og
markaðssamskipti

Sumarönn

Viðskiptalögfræði
Hagnýt upplýsingakerfi
Rekstrargreining

2. ÁR

Haustönn

Stefnumótun
Markaðs- og viðskiptarannsóknir
Þjónustustjórnun*

Vorönn

Gerð markaðsáætlana*
Samningatækni*
Sölustjórnun*

* Eða annað valnámskeið með áherslu á markaðsfræði.



„Árið 2008 ákvað ég að fara í nám að nýju eftir 10 ára hlé. Ég valdi að fara í háskólanám með vinnu (HMV) í Háskólanum í Reykjavík. Þetta var stórt stökk og ég var dálítið smeyk við að ég hefði glatað niður hæfileikanum til að læra.

Ég komst hins vegar að því þegar námið hófst að ég átti auðvelt með að tengja námið við starfið mitt og það auðveldaði mér mikið að skilja og tileinka mér námsefnið.

Það er mikill kostur að geta nýtt sér námsefnið jafnóðum í starfi, auk þess sem það verður til þess að maður lærir mun betur það sem verið er að kenna. Fyrir það er ég afskaplega þakklát og ánægð.”

*Helga Birna Brynjólfsdóttir,
nemandi í BSc-námi í HMV*

„Ég ákvað í janúar 2010 að hefja háskólanám og strax valdi ég HR sem skólann sem ég vildi fara í. Ég þekki marga sem stunda eða höfðu stundað nám þar og þeirra saga af skólanum var ástæðan fyrir að ég stefndi þangað. Ég ákvað engu að síður að kynna mér viðskiptafræðinám í öðrum háskólum. Ég komst fljótt að því að uppsetning námsins í HR hentaði mér mun betur en annað háskólanám sem var í boði vegna kennslufyrirkomulags, tengsla skólans við atvinnulífið og þeirra krafna sem skólinn gerir til nemenda.

Haustið 2010 byrjaði ég í viðskiptadeild í háskólanámi með vinnu. Fyrsta önnin stóð fyllilega undir væntingum og meira en það. Mikil hópvinna er í flestum fögum sem ég tel lyklatríði því vinnuveitendur vilja að sjálf-sögðu ráða fólk til starfa sem á auðvelt með og er vant því að vinna með öðrum.

Ég geri kröfur, þess vegna valdi ég HR.”

*Ingvar Breiðfjörð,
nemandi í BSc-námi í HMV*

Nánari upplýsingar:



Guðrún Ragna Hreinsdóttir
Verkefnastjóri
bsnamvd@hr.is
Sími 599 6284